



Kennari: Ronald Björn Guðnason

Skammstöfun: RBG

Áfangalýsing:

Landafræði fjallar um samspil manns og náttúru og gagnkvæm áhrif hvors á annað. Í þessum áfanga er lögð megináhersla á þann hlutann sem snýr að náttúrunni, hina svokölluðu eðlisrænu þætti landafræðinnar.

Í áfanganum er fjallað um landafræði sem fræðigrein, gerð og notkun margvíslegra hjálpargagna í landafræði svo sem mynda, korta, forrita og vefja. Þá er fjallað um stöðu Jarðarinnar í sólkerfinu, braut hennar um Sólu, mündulhalla og snúning og áhrifa þess á ferla á Jörðu, bæði náttúrulega og manngerða. Einnig er fjallað um innræn og útræn öfl og hvernig þau móta í sífellu ásýnd Jarðarinnar. Að lokum er gefið stutt yfirlit yfir helstu hringrásir Jarðar með sérstöku tilliti til lífheimsins og mannvistarinnar í þessum lífheimi.

Markmið:

Nemandi:

- Þekki nokkrar gerðir landakorta og geti notað þau sér til gagns.
- Kunni að fara með bauganet og kortahnit við staðarákvarðanir, legu, tímaákvarðanir, sólargang og ákvörðun vegalengda.
- Þekki helstu landfræðivefi og kunni að nota þá sér til gagns.
- Þekki helstu hugtök í landfræði og geti notað sér þau til útskýringa.
- Þekki breytingar á landslagi vegna náttúruferla og fyrir tilverknad mannsins.
- Þekki helstu náttúrulegu ferla við landmótun, bæði hvað varðar upphleðslu og niðurrif.
- Þekki helstu hringrásir lífheimsins svo sem vatns og kolefnis.
- Geri sér grein fyrir hvernig veður og loftslag hefur áhrif á umhverfi.
- Þekki meginflokka loftslags og veðurfarsleg og gróðurfarsleg einkenni þeirra hvers um sig.
- Þekki helstu þætti lofthjúps og myndunar veðurs.
- Þekki helstu sjávarstrauma heims og samband þeirra og staðvinda og veðurfars.
- Geti notað margvíslegar heimildir og gögn við upplýsingaöflun.
- Kunni meðferð tölulegra upplýsinga í töflureikni og að setja þær upplýsingar fram á myndrænan hátt.
- Geti unnið sjálfstætt og með öðrum.
- Þjálfist í að nota reynslu sína og þekkingu þverfaglega og beita margskonar vinnuáferðum.
- Læri að bera ábyrgð á eigin námi.

Námsefni:

Landafræði, maðurinn auðlindirnar umhverfið: Kaflar 1–2 og 4–6. Kaflar 5 og 6 þó aðeins að hluta eins og nánar er greint síðar. UM, hefti sem fæst hjá kennara.

Annað efni af netinu eftir ábendingu kennara. Vísanir til annars efnis eru um tengla á kennsluvef áfangans í Innu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Námið skiptist í 4 námslotur. Efni hverrar lotu vísar í meginatriðum til tiltekinna kafla í námsefni (sjá nánar í kynningu hverrar lotu í Innu). Hver lota er skipulögð eftir námsvikum, 3–5 vikur í hverri lotu, og samanstendur hver vika af innlögnum í fyrirlestraformi og verkefnavinnu undir leiðsögn kennara.

Vinna þarf **öll verkefni** áfangans þannig að einkunn sé gefin fyrir hvert og eitt þeirra. Verkefnum hverrar lotu ber að ljúka innan tímamarka lotunnar.

Í lok annar eru áætlaðir nokkrir dagar til uppsóps þar sem nemendum gefst kostur á að ljúka verkefnum sem af einhverjum ástæðum tókst ekki að ljúka á tilsettum tíma.

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að ná 5,0 (50,0%) að meðaltali til að hafa staðist áfangann. Lágmarkseinkunn í einstökum verkefnum er 10%. Skili nemandi verkefni sem metið er til einkunnar undir 10% verður þeirri úrlausn eytt. Verkefninu telst engu að síður skilað en þá án einkunnar enda gefst nemandi kostur á því að skila verkefninu að nýju eftir að fyrri úrlausn var eytt. Skili nemandi verkefninu að nýju gildir sú úrlausn til mats í áfanganum.

Nú skilar nemandi ekki einhverju verkefni og dregst þá full einkunn fyrir það verkefni frá fenginni lokaekinn fyrir önnur verkefni.

Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemandi reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá Innu). Í flestum tilvikum sjá nemendur einkunn sína við skil verkefna og jafnframt heildareinkunn sína í áfanganum eins og hún er á hverjum tíma. Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma.

Hver námslota hefur sitt vægi í heildareinkunn, lota II vegur þyngst, lotur I og IV hafa álíka vægi en lota III vegur minnst. Flest verkefni hafa líkt vægi hvert og eitt þótt eilittlu muni frá einu verkefni til annars. Örfá verkefni vega nokkru meira, en heildarvægi hvers verkefnis er tilgreint í verklýsingu þess. Hverri námslotu lýkur með lotuprófi sem hefur vægi á við 2 almenn verkefni. Prófin eru tekin á netinu og með tímamörkum eins og nánar er kynnt við upphaf hvers prófs.

Ljúka þarf öllum verkefnum og lotuprófum á tilskildum tíma og ná einkunn fyrir hvert og eitt. Lágmarkseinkunn fyrir hvert einstakt verkefni er 1 eða 10%. Lágmarkseinkunn til að ná áfanganum er 5,0 eða 50% sem lokaeinkunn. Í síðustu kennsluviku verður gefinn kostur á að vinna verkefni úr fyrri lotum sem einhverra hluta vegna kunna að vera óunnin. Einkunn fyrir óunnin verkefni er dregin frá fenginni heildareinkunn (mínusstig) áður en lokaeinkunn er endanlega reiknuð.

Þeir nemendur sem ná 70% í heildareinkunn teljast hafa náð áfanganum þó einhverjum verkefnum sé ólokið.

Nái nemandi stigafjöldanum 30 - 69 gengst hann undir lokapróf í áfanganum. Prófið er í prófatíma í lok annar. Prófið gildir 30% á móti lokastigafjölda, sem gildir 70% af lokaeinkunn.

Nái nemandi færri stigum en 30 er hann fallinn í áfanganum og gengst ekki undir próf.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 16. ágúst 2019

Ronald B. Guðnason